

Sp. 67. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skipuð verði fimm manna nefnd með þeim hætti, að í henni eigi sæti þessir aðilar:

Forseti Íþróttasambands Íslands.

Formaður Ungmennafélags Íslands.

Íþróttafulltrúi ríkisins.

Tveir menn kosnir af sameinuðu Alþingi.

Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera fjárhagsáætlun fyrir íþróttastarfsemina í landinu (þó ekki mannvirki). Skal fyrsta áætlun gerð fyrir árið 1971, en eftir það skulu áætlanir gilda til fjögurra ára. Þó má endurskoða áætlunina að tveim árum liðnum, ef einhver nefndarmanna óskar þess. Við áætlunargerðina skal hafa hliðsjón af fjárframlögum annarra þjóða til íþróttastarfseminnar, t. d. Norðurlandaþjóðanna. Keppt verði að því með áætlunargerðinni, að fjárskortur hamli ekki getu íslenzkra íþróttamanna.

Við gerð fjárlaga hverju sinni skal áætlun þessi lögð til grundvallar fjárframlögum ríkissjóðs til íþróttastarfseminnar. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist af fjárveitingu ríkisins til íþróttastarfseminnar.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin hefur oft á tímum, allt frá upphafi sögu, átt afreksmenn á sviði íþróttar, og svo mun enn. Þó er það svo, að nokkrar umræður hafa orðið um, að árangur íslenzkra íþróttamanna í keppni við erlenda íþróttamenn hafi ekki orðið sem skyldi. Í því sambandi eru tilgreindar ýmsar ástæður, en við flutningsmenn teljum okkur ekki færa um að dæma um réttmæti þeirra. Eina ástæðu höfum við þó virt fyrir okkur öðrum frekar, en það eru fjármál íþróttahreyfingarinnar. Það hefur komið fram í þessum umræðum, að fjárhagserfiðleikar íþróttahreyfingarinnar dragi verulega úr árangri íþróttamanna á sviði íþróttaafreka. Með tillögu þessari er stefnt að því, að ekki verði hægt með rökum að halda því fram, að sinnuleysi ríkisvaldsins og fjárskortur standi í vegi fyrir því, að íslenzkir íþróttamenn geti notið hæfileika sinna. Ekkert er þjóðinni eins mikils virði og það, að æskufólk hennar sé manndómsfólk, líklegt til afreka, sem auki hróður hennar með verkum sínum og framkomu á innlendum og erlendum vettvangi.